2024-2025

# FORVARNARDAGSKRÁ

## SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

Sveitarfélagið
ÁRBORG

# Almennar og Sértækar forvarnir

## Almennar forvarnir

Almennar forvarnir beinast að heilsueflingu og þáttum sem bæta heilsu og auka velferð ásamt því að hindra hvers kyns áhættuhegðun. Þær miða að því að skapa fjölskylduvænt umhverfi og búa börn og ungmenni sem best undir lífið, m.a. með því að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og vímuefnalausri æsku og styrkja sjálfsmynd og siðferðisvitund barna og ungmenna.

### Almennar forvarnir í Árborg

- Foreldrasamstarf - foreldrafélög - tenglar
- Fræðsla fyrir foreldra/forráðamenn og fjölskyldur
- Fræðsla fyrir börn og ungmenni
- Fræðsla fyrir eldra fólk
- Almennt íþrótta- og tómstundastarf
- Frístundaheimili og frístundaklúbbar
- Félagsmiðstöðin Zelsíuz
- Þverfaglegt samstarf
- Ungmennahúsið Pakkhúsið

## Sértækar forvarnir

Sértækar forvarnir beinast að einstaklingum og hópum sem eru í áhættu eða þurfa á sértækum stuðningi að halda. Þær byggjast á niðurstöðum rannsókna/kannana eða vitneskju og þekkingu þeirra fjölmörgu einstaklinga, stofnana eða félaga sem koma að forvarnarmálum í sveitarfélaginu.

### Sértækar forvarnir í Árborg og úrræði

- Aðgerðateymi forvarna í Árborg
- Foreldranámskeið
- Hópastarf og námskeið
- Vettvangsstarf
- Unglinga og ungmennaráðgjafi
- Sérstuðningur í Zelsíuz
- Elja virkniráðgjöf
- Exið - skólaúrræði
- Ráðgjafar (barna- og fullorðinsteymi)

**Hægt er að hafa samband við Forvarnarteymi Árborgar gegnum netfangið forvarnir@arborg.is**



0–2 ÁRA

**Ung- og smábarnavernd** - Heilsugæslan
**Eftirlit og ráðgjöf** til foreldra um næringu, tilfinningatengsl, umönnun, aga, slysavarnir og hlutverk og ábyrgð uppalenda - Heilsugæslan.

LEIK-SKÓLAR

**Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar:**
Námskeið þar sem foreldrar læra aðferð til að styrkja eigin hæfni, laða fram æskilega hegðun barnsins og fyrirbyggja erfiðleika á jákvæðan hátt.

**Klókir litlir krakkar** - Námskeið fyrir foreldra barna 3-6 ára sem sýna fyrstu einkenni kvíða.

**Forvarnarverkefnið um Loga og Glóð** - Brunavarnir Árnessýslu.

**Umferðarfræðsla - Lúlli löggubangsi** - samfélagslöggur Suðurlandi.

1. BEKKUR

**Umferðarfræðsla** - samfélagslöggur Suðurlandi.

**Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi** - skólahjúkrunarfræðingar.

**Slysavarnir** - Hjálmanotkun - skólahjúkrunarfræðingar.

**Almenn skólaskoðun** fylgst með vexti og þroska ásamt viðtali um lífsstíl og líðan - skólahjúkrunarfræðingar.

2. BEKKUR

**Fræðsla um heilsu og heilbrigði**

**112 dagurinn** - kynning á neyðarnúmeri.

**Krakkarnir í hverfinu** - fræðsla í formi brúðuleikhúss um ofbeldi gegn börnum. Barna- og fjölskyldustofa heldur utan um verkefnið.

**Fræðsla um tilfinningar** - skólahjúkrunarfræðingar.

3. BEKKUR

**Verkefnabókin um 6H heilsunnar:** Hreyfing, hollusta, hvíld, hreinlæti, hamingja og hugrekki - skólahjúkrunarfræðingar.

4. BEKKUR

**Netöryggi** - fræðsla frá Heimili og skóla.
**Hamingja -** fræðsla um kvíða - skólahjúkrunarfræðingar.
**Almenn skólaskoðun** - skólahjúkrunarfræðingar.

Öryggi og velferð

# Lýðheilsa og forvarnir eru langtímaverkefni

Saman stuðlum við að öflugu forvarnarstarfi

5. BEKKUR

**Netöryggi** - fræðsla frá Heimili og skóla.
**Samskipti** - skólahjúkrunarfræðingar.

6. BEKKUR

**Netöryggi** - fræðsla frá Heimili og skóla.
**Kynþroski** - skólahjúkrunarfræðingar.
**Börnin bjarga** - fræðsla í endurlífgun og verkleg kennsla við hjartahnoð - skólahjúkrunarfræðingar.

7. BEKKUR

**Almenn skólaskoðun -** skólahjúkrunarfræðingar.
**Nikótínfræðsla -** Heilsulausnir.

8. BEKKUR

**Hugrekki** - skólahjúkrunarfræðingar.
**Sjálfsmynd og samskipti** - skólahjúkrunarfræðingar.
**Endurlífgun** - skólahjúkrunarfræðingar.

9. BEKKUR

**Forvarnardagurinn**
**Vímuefnafræðslan VELDU** - um skaðsemi og ávanabindingu.
**Kynheilbrigði** - skólahjúkrunarfræðingar.
**Almenn skólaskoðun** - skólahjúkrunarfræðingar.
**Sakhæfi og ofbeldi** - samfélagslöggur Suðurlandi.
**Jafningjafræðsla Suðurlands.**

10. BEKKUR

**Geðheilbrigði -** skólahjúkrunarfræðingar.
**Börnin bjarga endurlífgun** - skólahjúkrunarfræðingar.
**Ábyrgð á eigin heilsu** - (þjónusta heilsugæslunnar kynnt og bent á heilsuvera.is) - skólahjúkrunarfræðingar.
**Jafningjafræðsla Suðurlands.**

16 +

**Geðheilbrigði og andleg heilsa** - almenn fræðsla og stuðningur.

**Virkniráðgjöf** - fræðsla og námskeið.

**Hinsegin fræðsla** - hittingar á vegum ungmennahúsins.

ELDRA FÓLK

**Netöryggi og netníð** - samfélagslöggur Suðurlandi.

**Gott að eldast** - öll hreyfiúrræði á einum stað.

**Fræðsludagur** - eldra fólk og fjölskyldur.

**Hreyfing í heimahúsi** - fræðsla.

**Heilbrigð öldrun** - vitundarvakning.

ANNAÐ

**Foreldrasamstarf** - almenn fræðsla og vitundarvakning um mikilvægi foreldrasamstarfs.

**SAMBORG** - efla samstarf milli leik,- og grunnskóla í Árborg

**Fræðsla** - fyrir fjölskyldur, börn og ungmenni

**Súpufundir/kaffifundir** - Forvarnarteymi Árborgar

**Samvinna eftir skilnað** - Velferðarþjónusta Árborgar

**Skólaforðun** - Fjölskyldusvið Árborgar
Fræðsla fyrir foreldra barna í 1., 5. og 8. bekk.

**Hinsegin vika Árborgar** - Fræðsla o.fl.

**Frístundamessa** - Kynning á frístundastarfi í Árborg

**Ung- og smábarnavernd** - efla heilsu, vellíðan og þroska ungra barna með reglulegum heilsufarsskoðunum ásamt stuðningi og fræðslu til fjölskyldna þeirra

**Heilsuvernd skólabarna** - hefur það markmið að efla heilbrigði þeirra og stuðla að vellíðan.

**Foreldrar gegna lykilhlutverki**
Foreldrar bera frumábyrgð á högum, líðan og velferð barna sinna. Óumdeilt er að foreldrar gegna lykilhlutverki hvað forvarnir varðar.

**Jákvæð og sterk sjálfsmynd**
Sterk sjálfsmynd einstaklingsins hefur áhrif á breytni hans. Það er því mikilvægt að börn og ungmenni hafi jákvæða og sterka sjálfsmynd.

**Heilbrigðir lífshættir**
Heilsa er ekki eingöngu það að vera laus við sjúkdóma heldur hefur heilsa áhrif á andlega, líkamlega og félagslega líðan.

**Í ALLRI FORVARNARVINNU SKIPTIR MÁLI AÐ HLÚA VEL AÐ FJÖLSKYLDUNNI OG SKAPA FJÖLSKYLDUVÆNT UMHVERFI Í SVEITARFÉLAGINU.**

Markmiðið er að tryggja börnum og ungmennum í Árborg öflugar forvarnir. Áhersla er lögð á að fyrirbyggja þróun óheilbrigðra samskipta, áhættuhegðunar og ofbeldis. Það er m.a. gert með fræðslu um hegðunar-, félags- og tilfinningafærni, jákvæð samskipti, kynfræðslu, hinsegin fræðslu og réttindi hvers og eins.

**Lykillinn að árangri í forvarnarmálum er samvinna allra sem koma með einum eða öðrum hætti að uppeldi, kennslu, þjálfun eða annarri vinnu með börnum og ungmennum, hvort heldur það er inni á heimilunum, í leik- eða grunnskóla, frístundastarfi, innan félags- og heilbrigðisþjónustu, hjá lögreglu, innan íþrótta- og æskulýðsfélaga eða á vettvangi jafningjafræðslu meðal ungmenna.**

Sveitarfélagið
ÁRBORG

Austurvegi 2, 800 Selfoss
www.arborg.is